

Nd.

50. Frumvarp til laga

[48. mál]

um loðdýrarækt.

Flm.: Jónas Pétursson, Ingvar Gíslason, Geir Gunnarsson, Matthías Bjarnason.

1. gr.

Loðdýr nefnast í lögum þessum öll þau dýr, sem ræktuð eru eða alin vegna verðmætis skinnanna eingöngu eða aðallega. Landbúnaðarráðherra sker úr ágrein-
ingi, hvort dýrategund skuli teljast til loðdýra eða ekki.

2. gr.

Loðdýrarækt nefnist í lögum þessum, þegar loðdýr eru haldin til tímgunar og
uppeldis af ræktuðum stofni eða ef dýrin eru alin um stundarsakir vegna skinna-
framleiðslu eingöngu eða aðallega. Loðdýrabú nefnast búr og girðingar, þar sem
loðdýr eru höfð í vörzlu.

3. gr.

Það er meginsteftna þessara laga, að loðdýr verði einungis ræktuð hér á landi
í sérstaklega útbúnum og vönduðum loðdýrabúum og einungis verði ræktuð þar
valin kyn loðdýra.

4. gr.

Loðdýrarækt er óheimil nema í loðdýrabúum, sem hlotið hafa viðurkenningu
samkvæmt ákvæðum þessara laga.

5. gr.

Þeir, sem óska að stofnsetja loðdýrabú hér á landi, skulu senda landbúnaðar-
ráðuneytinu umsókn um það efni. Umsóknnum skulu fylgja ýtarlegar áætlanir um
byggingu loðdýrabúsins, um gerð þess, tæknilegan rekstur og fjármál, svo og um
þau dýr, sem fyrirhugað er að rækta á búinu.

Að fengnu álitu veiðistjóra um þessi gögn, tekur landbúnaðarráðuneytið ákvörðun um viðurkenningu loðdýrabúsins, með skilyrði um, að loðdýrarækt hefjist þar ekki, fyrr en gerð þess öll er í samræmi við fyrrgreindar áætlanir.

6. gr.

Embætti veiðistjóra skv. 1. gr. laga nr. 52 5. júní 1957 annast eftirlit með því, að ákvæðum laga þessara sé fylgt.

7. gr.

Um gerð loðdýrabúa, rekstrarfyrirkomulag og framkvæmd laga þessara að öðru leyti skal skipað í reglugerð.

8. gr.

Brot gegn lögum þessum og reglugerðum, er settar verða samkvæmt þeim, varða sektum.

9. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32 8. marz 1951, um loðdýrarækt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

Næstu 4 árin frá gildistöku laga þessara má eigi veita leyfi til ræktunar annarra loðdýra en minka og ekki fleiri en 5 minkabúum á landinu öllu. Leyfi til minkaeldis má aðeins veita í sveitarfélögum, þar sem villiminkur hefur þegar náð öruggri fótfestu að dómi veiðistjóra, þó er heimilt að veita leyfi fyrir einu af þessum 5 búum í Vestmannaeyjum.

Greinargerð.

Á tveimur þingum, 1964 og 1965, fluttu nokkrir þingmenn í Nd. Alþingis frv. til laga um loðdýrarækt. Á fyrra þinginu hlaut frv. ekki afgreiðslu, var samþykkt í Nd., en dagaði uppi í Ed. Á þingi 1965 hlaut það einnig samþykki í Nd., en var þá fellt í Ed.

Nú er það enn flutt nær óbreytt frá því er það var afgreitt frá Nd. á útmánuðum 1966.

Í greinargerð þeirra frv., er áður voru flutt, sagði m. a.:

„Núgildandi lög frá 8. marz 1951, um loðdýrarækt, eru allflókin og í þeim ákvæði, sem betur ættu heima í reglugerð. Frumvarpið miðar að því að gera þessa löggjöld einfaldari, og er þá gert ráð fyrir, að sett verði ýtarleg reglugerð um framkvæmd hennar.

Í frumvarpinu er kveðið á um það, að landbúnaðarráðuneytið ákveði, hvort veitt skuli leyfi til þess að koma upp loðdýragörðum, en varðandi hverja umsókn ber því að leita álits veiðistjóra, sem kynnir sér öll gögn umsækjenda. Þá er lagt til í frumvarpinu, að embætti veiðistjóra annist eftirlit með því, að ákvæðum laganna sé fylgt.

Fyrir nokkrum árum var bannað með lögum að reisa minkabú hér á landi og þá jafnframt ákveðið, að þau minkabú, sem fyrir voru, skyldu lögð niður innan ákveðins frests. Tilgangurinn með þessu mun hafa verið sá að útrýma villiminknum, sem þá hafði gert allmikinn usla víða um land. Reynslan hefur nú sýnt, að varla má búast við því, að geryðing villiminksins takist hér á landi.“

Framleiðsla og notkun minkaskinna fer sífellt vaxandi, og t. d. á Norðurlöndum er um umtalsverða atvinnugrein að ræða. Hér á landi fellur til mikið af fisk-